



Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2020

26. ágúst 2020 kl. 16.00
Grand Hótel, Sigtún 38, Reykjavík

Dagskrá:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi félagsins á árinu 2019.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Tillaga stjórnar um endurnýjun heimildar til aukningar hlutafjár.
10. Kjör stjórnar.
11. Kjör endurskoðanda.
12. Önnur mál.

Meðfylgjandi:

- Skýringar við dagskrárliði 7-11.
- Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2019 – Skýrsla stjórnar.
- Ársreikningur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2019.

Skýringar við dagskrárliði 7-11

7. liður: Ákvörðun um meðferð hagnaðar/taps

Í ljósi niðurstöðu ársreiknings færast tap yfir á óráðstafað eigið fé.

8. liður: Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda

Tillaga um stjórnarlaun: *Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2020 samþykkir að fyrirkomulag þóknunar stjórnarmanna verði óbreytt og að ekki séu greidd sérstök laun fyrir stjórnarsetu í félaginu.*

Tillaga um laun endurskoðanda: *Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2020 samþykkir að greitt skuli eins og verið hefur fyrir vinnu við endurskoðun skv. reikningi endurskoðanda.*

9. liður: Tillaga um endurnýjun heimildar til hlutfjáraukningar

Tillaga um endurnýjun heimildar til hlutfjáraukningar:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. haldinn 26. ágúst 2020 samþykkir að framlengja til 31. desember 2021 heimild til stjórnar, sem rennur út 31. desember 2020, til að auka hlutfé félagsins um allt að krónur 3.950.000 að nafnverði og að ákvarða gengi hlutanna. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hlutum. Stjórnin skal hafa heimild til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna þessarar heimildar sbr. 3. mgr. 30. gr. I. um einkahlutfélög nr. 138/1994.

10. liður: Kjör stjórnar – Aðalmenn og varamenn

Kjör aðalmanna

Fram kom einn listi til kjörs aðalmanna í stjórn til næsta árs:

- 1 Finnur Sveinsson, kt. 110966-4749, Brekkugötu 2, 210 Garðabær
- 2 Gunnlaugur Kristján Jónsson, kt. 200856-0079, Kópavogsgarði 5-7, 200 Kópavogur
- 3 Stella Hrönn Jóhannsdóttir, kt. 090574-5239, Borgarheiði 31, 810 Hveragerði
- 4 Guðmundur Ármann Pétursson, kt. 090569-5709, Eyrargötu 35, 820 Eyrarbakki
- 5 Fanney Karlsdóttir, kt. 270676-4219, Kleifarsel 15, 109 Reykjavík

Kjör varamanna

Fram kom einn listi til kjörs varamanna í stjórn til næsta árs:

- 1 Sandra Brá Jóhannsdóttir, kt. 240179-2969, Breiðabólstaður, 880 Kirkjubæjarklaustur
- 2 Ingi Þór Jónsson, kt. 041066-3349, Birkigrund 7, 800 Selfoss
- 3 Þórarinn Egill Sveinsson, kt. 100752-2609, Deildarási 8, 110 Reykjavík
- 4 Guðfinnur Ellert Jakobsson, kt. 131243-7669, Skaftholt II, 801 Selfoss
- 5 Guðrún G. Þórarinsdóttir, kt. 141152-4249, Tunguvegi 7, 108 Reykjavík

11. liður: Kjör endurskoðanda


Tillaga um endurskoðanda félagsins:

Stjórn Vottunarstofunnar Túns ehf. leggur til að Tryggvi E. Geirsson löggiltur endurskoðandi verði endurkjörinn endurskoðandi félagsins.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 11.4	K/S 29.8.20
Ábnt. B.M.	Svfr.
Afgr. Dunder	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2019

Skýrsla stjórnar



Ágúst 2020

Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2019

Skýrsla stjórnar

Stjórn og starfsmenn

Stjórn og varastjórn

Stjórn Vottunarstofunnar Túns ehf. var kjörin á aðalfundi félagsins sem haldinn var 27. ágúst 2019 og voru eftirfarandi aðalmenn og varamenn þeirra kjörnir:

Finnur Sveinsson, formaður	Sandra Brá Jóhannsdóttir, varamaður
Gunnlaugur Kristján Jónsson, varaformaður	Ingi Þór Jónsson, varamaður
Stella Hrönn Jóhannsdóttir, meðstjórnandi	Þórarinn Egill Sveinsson, varamaður
Oddný Anna Björnsdóttir, meðstjórnandi	Guðfinnur Ellert Jakobsson, varamaður
Heiðmar Guðmundsson, meðstjórnandi	Guðrún G. Þórarinsdóttir, varamaður

Fastanefndir

Félagið starfrækir nú fimm fastanefndir, vottunarnefnd lífrænnar framleiðslu, vottunarnefnd sjávarnytja, vottunarnefnd fyrir Vakann, tækninefnd um vottunarreglur og óhlutdrægnisnefnd. Nefndir þessar voru þannig skipaðar:

Vottunarnefnd fyrir lífræna framleiðslu:

Runólfur Sigursveinsson, formaður
Þóra Valsdóttir, varaformaður
Varamenn: Fanney Ólöf Lárusdóttir og Laufey Haraldsdóttir

Vottunarnefnd fyrir Vakann:

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, formaður
Laufey Haraldsdóttir

Vottunarnefnd fyrir sjálfbærar sjávarnytjar:

Sigurbjörg Gísladóttir, formaður
Guðrún Ólafsdóttir og Unnur Skúladóttir
Varamenn: Vilhjálmur Guðlaugsson, Louise le Roux og Halldór P. Halldórsson

Tækninefnd um vottunarreglur:

Ragnhildur H. Jónsdóttir, formaður
Geir Guðmundsson
Margeir Gissurarson

Óhlutdrægnisnefnd:

Sigurður Másson, formaður (skv. tiln. NS)
Sveinn Friðrik Sveinsson (skv. tiln. SFS)

Starfsmenn og skrifstofur

Nokkrir sérfræðingar unnu að þróunar- og gæðaverkefnum fyrir félagið. Alls störfuðu 25 matsmenn við úttektir og rýni á þeim vottunarsviðum sem félagið sinnir. Launaðir starfsmenn í heilum eða hlutastörfum á árinu voru þessir:

Gunnar Ágúst Gunnarsson, framkvæmdastjóri
Friðrik Steinar Svavarsson, verkefnastjóri
Louise le Roux, verkefnastjóri sjávarnytjavottunar
Ragnar Þórðarson, verkefnastjóri
Rannveig Guðleifsdóttir, verkefnastjóri vottunar lífrænna afurða
Sigrún Kristinsdóttir, bókhaldsumsjón
Sigurbjörg Gísladóttir, verkefnastjóri rekjanleikavottunar sjávarnytja

Frá árinu 2013 hefur félagið haft aðsetur sitt og lögheimili í Parabakka 3 í Reykjavík.

Vottunarstofan Tún 1994-2019

Þjónusta í þágu sjálfbærrar þróunar í aldarfjórðung

Vottunarstofan Tún var stofnuð 9. september 1994. Markmið félagsins er að stuðla að innleiðingu vottunar og staðla fyrir sjálfbærar aðferðir í landbúnaði, sjávarútvegi, matvælavinnslu og nýtingu endurnýjanlegra náttúruauðlinda. Margir einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir komu beint og óbeint að þeim verkefnum sem Tún vann á liðnu ári.

Meginverkefni Túns eru þrenns konar:

- (1) Eftirlit, úttektir og vottun framleiðslu á grundvelli staðla, laga og reglugerða,
- (2) viðhald og þróun innra gæðakerfis og
- (3) þróunarverkefni á sviðum umhverfisvottunar í vöruframleiðslu og þjónustu.

Félagið hefur átt drjúgan þátt í þróun vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu hér á landi, fræðslu og kynningu fyrir atvinnulíf og stjórnvöld um sjálfbærar aðferðir, svo og þróun og innleiðingu nýrra vottunarsviða.

Faggildingar og starfsleyfi

Vottunarstofan Tún er faggild vottunarstofa samkvæmt Evrópustaðli um aðila sem reka vöruvottunarkerfi og samkvæmt reglugerðum um starfsemi faggilda vottunarstofa og um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar. Faggildingarsvið Hugverkastofu (ISAC) sannprófar reglulega hvort Tún vinni í samræmi við staðalinn. ISAC endurnýjaði faggildinguna Túns á árinu.

Þýska faggildingarstofan ASI Assurance (ASI) GmbH faggildir Tún til að annast vottun samkvæmt reglum MSC um vottun sjálfbærra sjávarnyttja (fiskistofna) og vottun samkvæmt reglum MSC um meðferð og rekjanleika sjávarafurða. Núverandi faggilding Túns hjá ASI rennur út í árslok 2020.

Tún annast vottun og eftirlit með lífrænni landbúnaðarframleiðslu þar um á grundvelli samkomulags við Matvælastofnun. Samkomulagið felur í sér þjónustu við þau svið sem opinberar lagareglur um lífræna framleiðslu ná til, svo og veitingu starfsleyfa til þeirra sem hafa hlotið vottun.

Á liðnu ári hóf Tún eftirlits- og vottunarstarfsemi á sviði ferðaþjónustu og tengdra greina. Í ársbyrjun veitti Ferðamálastofa félaginu heimild til að annast vottun samkvæmt Vakanum – gæða- og umhverfiskröfum ferðaþjónustu. Þá hófst undirbúningur vottunar samkvæmt vottunarkröfum FEE fyrir Bláfánann og Græna lykilinn.

Vottunarþjónusta

Vottunarstofan Tún hóf vottunarþjónustu hér á landi árið 1996. Vottunarferli felst í afgreiðslu umsókna sem berast, úttektum og skýrslugerð þjálfara matsmanna, rýni úttekta, úrvinnslu á niðurstöðum og ákvörðunum vottunarnefnda.

Vottunarnefndir Túns eru skipaðar sérfræðingum með þekkingu á þeim sviðum sem vottun tekur til. Vottunarnefndir taka ákvarðanir um vottun samkvæmt viðmiðunarreglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Tún annast nú vottun á eftirtöldum sviðum:

- Lífræn framleiðsla samkvæmt opinberum lagareglum
- Lífræn framleiðsla samkvæmt reglum Túns
- Náttúruafurðir og aðföng til lífrænnar framleiðslu

- MSC vottun fiskistofna
- MSC vottun rekjanleika afurða úr vottuðum fiskistofnum
- ASC vottun rekjanleika afurða úr vottuðu fiskeldi
- Vakinn – gæða- og umhverfisviðmið ferðaþjónustu
- Bláfáninn – vottun baðstranda, smábátahafna og siglinga með ferðamenn
- Græni lykillinn – vottun hótela og gististaða

Innra gæðakerfi og þjálfun starfsmanna

Félagið heldur árlega námsfundi fyrir starfsmenn og verktaka í vottunarþjónustu einstakra sviða. Úttektarmenn félagsins sækja netnámskeið um framkvæmd úttekta og vinnubrögð við eftirlit mismunandi vottunarkerfa. Starfsmenn á sviði sjávarnytjavottunar sækja árlega ráðstefnu og námskeið Marine Stewardship Council í London sem ætluð er til þjálfunar, fræðslu og samráðs.

Tún heldur gæðakerfi og verklagsreglur byggðar á alþjóðlegum stöðlum og ferlikröfum einstakra kerfa. Gæðakerfið er sannprófað reglulega með innri úttektum, rýni stjórnenda og áhættugreiningum. Endurskoðun þess er stöðugt verkefni, sem miðar að því að bæta starfshætti, vinnubrögð og þjónustu félagsins á einstökum vottunarsviðum.

Vottunarstofan Tún starfar nú – og er faggild – samkvæmt staðli ISO 17065 um aðila sem annast samræmismat á framleiðslu vöru og þjónustu. Sá staðall leggur sérstaka áherslu á ráðstafanir til að tryggja óhlutdrægni í vottunarþjónustu. Tún starfrækir nefnd, skipaða sérfræðingum til að hafa eftirlit með þeim kröfum og veita stjórn og starfsmönnum álit um óhlutdrægni í verkferlum og vottunarstarfi.

Upplýsingaþjónusta og samstarf á innlendum vettvangi

Almenn upplýsingaþjónusta

Vottunarstofan Tún veitir almenningi og atvinnulífinu upplýsingar um umhverfisvottun og forsendur hennar í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu og fleiri greinum. Fjöldi framleiðenda og neytenda leitar til Túns eftir upplýsingum um lífrænar og sjálfbærar aðferðir, vottun framleiðslu og hvar unnt er að nálgast vottaðar afurðir og um stöðu lífrænnar og sjálfbærrar framleiðslu hérlendis. Í flestum tilvikum er fyrirspyrjendum send nánari gögn, þ.e. fræðslubæklingar, vottunarreglur eða umsóknargögn. Þá leita erlendir og innlendir gagnabankar reglubundið eftir upplýsingum Túns um framvindu vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu.

Reglur um lífræna framleiðslu og sjálfbærar náttúrunytjar

Tækninefnd Túns um vottunarreglur á sviði lífrænnar framleiðslu, aðfanga og náttúruafurða starfaði á liðnu ári og fjallaði um breytingar til samræmis við upptöku á reglugerðum Evrópusambandsins um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Tækninefnd, í samstarfi við sérfræðinga Matvælastofnunar, lauk fyrstu heildar endurskoðun og ný útgáfa handbókar fyrir vottunarhafa tók gildi í júní 2019.

Matvælastofnun annast, fyrir hönd Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, uppfærslu og eftirlit með framkvæmd reglugerða um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Af þeim sökum á Vottunarstofan Tún margvíslegt samstarf við Matvælastofnun, sem einkum lýtur að túlkun reglugerðarinnar, skýrslugerð, framkvæmd eftirlits, sýnatökum og fleiru. Matvælastofnun

tók við hlutverki lögbærs yfirvalds á þessu sviði 1. janúar 2019 og var í framhaldi þess gerður samningur milli stofnunarinnar og Túns um eftirlit og vottun lífrænnar framleiðslu.

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur (NLFR)

Tún á aðild að NLFR sem er umræðuvettvangur um náttúrulegar lækningaleiðir og fyrirbyggjandi heilsugæslu. Saga lífrænnar framleiðslu hér á landi er samofin sögu Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ). Frumkvöðull þess, Jónas Kristjánsson læknir, vakti einna fyrstur Íslendinga athygli á mikilvægi lífrænna aðferða fyrir heilnæmi matvæla. Jónas og eftirmenn hans hjá NLFÍ hafa verið öflugir málsvarar lífrænnar þróunar. Heilsustofnun NLFÍ (HNLFÍ) í Hveragerði og garðyrkjustöð þess var og er enn uppeldisstaður margra þeirra sem síðar hafa sett á fót eigin framleiðslu lífrænna afurða. Garðyrkjustöðin er vottuð til lífrænnar framleiðslu og landsvæði Heilsustofnunar er hið fyrsta hér á landi, sem var yfirlýst svæði án erfðabreyttra lífvera.

Þátttaka í fjölþjóðasamstarfi

Aðild að starfi Alþjóðasambands fyrirtækja og samtaka í lífrænni framleiðslu

Vottunarstofan Tún er meðlimur í Alþjóðasambandi fyrirtækja og samtaka í lífrænni framleiðslu (IFOAM), sem standa fyrir heimsráðstefnum og svæðasamstarfi, gefa út tímarit og staðla um lífræna framleiðslu, og starfrækja sjálfstæða faggildingarstofnun. Tún á aðild að Íslandsdeild Evrópusambandshóps IFOAM. Stjórn hópsins hélt nokkra fundi á árinu á hinum ýmsu stöðum í álfunni. Fulltrúi Íslands í stjórn er Ólafur R. Dýrmundsson búfræðingur og áður landsráðunautur Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap. Varamaður hans er Stefán Gíslason framkvæmdastjóri Umhverfisráðgjafar Íslands ehf.

Aðild að Foundation for Environmental Education

Að tilstuðlan Landverndar var þess farið á leit að Tún annist eftirlit og vottun tveggja alþjóðlegra vottunarkerfa, Bláfánans og Græna lykilsins, sem eru í eigu og umsjón alþjóðasamtakanna Foundation for Environmental Education (FEE). Viðræður við Landvernd og talsmenn FEE hófust á haustmánuðum, sem leiddu síðan til umsóknar félagsins um aðild að FEE. Aðild Túns var staðfest í byrjun árs 2020 og rekstur vottunarkerfanna tveggja hófst í kjölfar þess, en gríðarleg áhrif covid-19 farsóttarinnar á rekstur ferðaþjónustunnar hafa hinsvegar hamlað verulega allri framþróun á þessu sviði.

Fjölþjóðlegt samstarf vottunarstofa og eftirlitsaðila

Tún tekur eftir efnum og ástæðum virkan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi og sérfræðilegum skoðanaskiptum vottunarstofa og eftirlitsaðila. Samstarf þetta er bæði formlegs og óformlegs eðlis. Norrænir og baltneskir eftirlitsaðilar eiga með sér óformlegt samstarf og funda að jafnaði einu sinni á ári. Af hálfu Túns sótti Rannveig Guðleifsdóttir verkefnastjóri fundinn árið 2019 sem var haldinn í Eistlandi.

Tún á samstarf við vottunarstofur í Þýskalandi, Bretlandi og í Bandaríkjunum um úttektir á sviði lífrænnar framleiðslu. Þá sækir Tún árlega fundi og námskeið fyrir vottunaraðila á sviði sjálfbærra sjávarnytja.

Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2019 – Skýrsla stjórnar

Skjal þetta er afhent hluthöfum og fundarmönnum aðalfundar Túns 26. ágúst 2020.

© Vottunarstofan Tún ehf. 2020-08-26

Vottunarstofan Tún ehf.

Kt. 511094-2249

Parabakki 3, IS-109 Reykjavík

www.tun.is; tun@tun.is

S. +354 511 1330 & +354 820 4130

Vottunarstofan Tún ehf.
Reykjavík

Kt. 511094-2249

Ársreikningur 2019

TEG endurskoðun ehf.
Grensásvegi 16
108 Reykjavík

Vottunarstofan Tún ehf.
Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Félagið er faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Markmið þess er að veita gæðapjónustu til framleiðenda í landbúnaði, sjávarútvegi og vinnslu náttúrulegra afurða. Aðsetur félagsins er að Þarabakka 3 í Reykjavík.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Tún ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Ársverk 2019 voru 3,4.

Tap af rekstri félagsins á árinu 2019 nam kr. 2.024.881. Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingu á eigin fé félagsins og ráðstöfun taps.

Stjórn félagsins mun ekki gera tillögu um greiðslu arðs vegna ársins 2019 á aðalfundi 2020.

Fjöldi hluthafa í ársbyrjun voru 18 og sami fjöldi í árslok. Eftirtaldir hluthafar eiga yfir 10% hlutfjár:

Náttúrulækningafélag Íslands	29,63%
Samband sunnlenskra sveitarfélaga	14,49%
Olíuverslun Íslands hf	14,49%

Stjórn og framkvæmdastjóri Vottunarstofunnar Tún ehf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. júní 2020


Stjórn félagsins

Gyrtunni Þórnisdóttir

Finnur Sveinsson

Stella María Jónsdóttir

Þórunn E. Sveinsson



Framkvæmdastjóri

Finnur A. Gunnarsson

TEG endurskoðun ehf.
Grensásvegi 16, Reykjavík

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Vottunarstofunnar Tún ehf.

Vinna endurskoðandans

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir fyrirtækið Vottunarstofuna Tún ehf vegna ársins 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma auk skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Vottunarstofuna Tún ehf. við að leggja fram ársreikning, sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild, en við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum


Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Þeim ber einnig að sjá til þess að viðeigandi eftirlit sé til staðar þar sem það á við og að ársreikningurinn sé í meginatriðum byggður á viðeigandi reglum ársreikningskafla bókhaldslaga og án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Álit endurskoðanda

Það er álit okkar að framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og viðurkenndar reikningsskilavenjur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Ekkert kom fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019 og efnahag þess 31. desember 2019.

Reykjavík, 22. júní 2020

TEG endurskoðun ehf



Tryggvi E. Geirsson
Löggiltur endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2019

		2019	2018
	<i>Skýr.</i>		
Rekstrartekjur			
Sala	4	72.916.597	67.812.823
Endurgreiddur útlagður kostnaður		3.252.903	4.060.396
		76.169.500	71.873.219
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	5	44.094.965	41.525.617
Annar kostnaður	6	34.166.731	32.782.767
		78.261.696	74.308.384
Rekstrartap án afskrifta og vaxta		(2.092.196)	(2.435.165)
Afskriftir		(44.444)	(68.376)
Rekstrartap án vaxta		(2.136.640)	(2.503.541)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		293.210	378.618
Gengismunur		43.966	47.956
Vaxtagjöld		(225.417)	(82.317)
		111.759	344.257
Tap fyrir skatta		(2.024.881)	(2.159.284)
Tekjuskattur	3	0	0
TAP ÁRSINS		(2.024.881)	(2.159.284)

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESMBER 2019

	2019	2018
	<i>Skýr.</i>	
Eignir		
Fastafjármunir		
Skrifstofuáhöld og tæki	82.539	126.983
	82.539	126.983
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	11.566.604	5.113.641
Aðrar skammtímakröfur	209.680	420.561
Bankainnstæður	1.114.168	5.032.922
	12.890.452	10.567.124
Eignir samtals	12.972.991	10.694.107
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	2	
Hlutfé	9.522.750	9.522.750
Yfirverðsreikningur hlutafjár	1.232.250	1.232.250
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	255.682
Óráðstafað eigið fé	(6.638.835)	(4.869.636)
	4.116.165	6.141.046
Skammtímaskuldir		
Ógreidd laun og starfsmannagjöld	1.677.817	1.481.940
Viðskiptaskuldir	1.588.774	1.437.523
Ógreiddur virðisaukaskattur	3.196.680	1.633.598
Reikningslán	2.393.555	0
	8.856.826	4.553.061
Eigið fé og skuldir samtals	12.972.991	10.694.107

SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2019

	2019	2018
<i>Rekstrarhreyfingar</i>		
Afkoma tímabilsins	(2.024.881)	(2.159.284)
Afskriftir	44.444	68.376
<i>Veltufé til rekstrar</i>	(1.980.437)	(2.090.908)
<i>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>		
Skammtímakröfur	(6.242.082)	10.347.555
Skammtímaskuldir	4.303.765	(3.236.026)
<i>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</i>	(3.918.754)	5.020.621
Breyting á handbæru fé á árinu	(3.918.754)	5.020.621
Handbært fé í ársbyrjun	5.032.922	12.301
<i>Handbært fé í úrslok</i>	1.114.168	5.032.922

SKÝRINGAR

Starfsemi

Vottunarstofan Tún er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga 138/1994 um einkahlutafélög.

Vottunarstofan Tún ehf. er faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Markmið Túns er að veita gæðahjónustu til framleiðenda í landbúnaði, sjárvarútvegi og vinnslu náttúrulegra afurða. Tún er þróunarfélag í þágu almannahagsmuna og vinnur að nýsköpun matvælaframleiðslu og náttúrunytja í samræmi við alþjóðlega staðla um tillitsemi við lífríki og náttúru. Siðfræði sjálfbærrar þróunar og heilbrigðis allrar lífkeðjunnar eru megin leiðarljós í þjónustu Túns.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og gildandi reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Stofnkostnaður vegna uppbyggingar vottunarkerfis félagsins hefur ætíð verið gjaldfærður að fullu þau ár sem hann hefur fallið til. Ástæður þess eru annars vegar, að erfitt hefur verið að skilgreina kostnaðinn og hins vegar varkámisregla um eignfærslu hans.

1. Ábyrgðir

Engar ábyrgðir eru vegna þriðja aðila. Náttúrulegningafélag Íslands og fyrirtækið Litli ég ehf., sem er í eigu stjórnarformanns Túns eru í handveðsábyrgð vegna reikningsláns í Landsbanka Íslands að upphæð tvær milljónir.

2. Eigið fé

	<i>Niðurfærsla viðskiptakrafna</i>	<i>Hlutafé</i>	<i>Yfirverðsreikn. hlutafjár</i>	<i>Óráðstafað eigið fé</i>
Eigið fé 1. janúar 2019	255.682	9.522.750	1.232.250	(4.869.636)
Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna	(255.682)			255.682
Tap ársins				(2.024.881)
Eigið fé 31. desember 2019	<u>0</u>	<u>9.522.750</u>	<u>1.232.250</u>	<u>(6.638.835)</u>

Aðalfundur félagsins 2018 samþykkti heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutafé um allt að kr. 3.950.000 að nafnverði og ákvarða gengi hluta. Heimild þessi gildir til 31.12. 2019. Ekkert var selt vegna þessarar heimildar á árinu 2019.

Heildarhlutafé félagsins er kr. 10.355.000.-, en þar af á félagið sjálft kr. 832.250.- að nafnverði og er það fært til lækkunar á hlutafé félagsins.

Mismunur á söliverði og nafnverði hlutafjár og einnig mismunur á kaupverði og nafnverði eigin bréfa voru færð á yfirverðsreiking hlutafjár á árinu 2009.

3. Skattamál

Félagið greiðir ekki tekjuskatt vegna taprekstrar 2019. Yfirfæranlegt tap til næsta árs er 5,9 millj. króna.

Sundurliðanir

	2019	2018
4. Sala		
Seld vottun	72.875.297	67.796.523
Seldar reglur ofl.	41.300	16.300
	<u>72.916.597</u>	<u>67.812.823</u>
5. Laun og tengd gjöld		
Vinnulaun	35.761.390	33.769.423
Tryggingagjald	2.699.381	2.632.158
Lífeyrissjóðsgjöld	4.246.871	4.131.242
Sjúkra- og orlofssjóðsgjöld	359.894	233.524
Bifreiðarstyrkur	891.300	525.000
Annar starfsmannakostnaður	136.129	234.270
	<u>44.094.965</u>	<u>41.525.617</u>
Ársverk.....	<u>3,4</u>	<u>3,3</u>
Laun framkvæmdastjóra árið 2019 voru 9,1 millj. króna. Engin stjórnarlaun voru greidd 2019.		
6. Annar kostnaður		
Vottunarstörf og önnur aðkeypt þjónusta v. lífrænna verkefna	19.017.500	16.276.874
Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.067.759	735.076
Faggilding ASÍ - Einkaleyfastofan	2.118.824	2.053.509
Ferðakostnaður	4.758.339	6.149.270
Funda- og ráðstefnukostnaður	485.352	727.469
Húsnæðiskostnaður	2.279.628	2.290.297
Ritföng, prentun og pappír	387.845	405.302
Sími	453.102	376.587
Internet, tölvuþjónusta og heimasíða	897.875	862.474
Burðargjöld og bankaþjónusta	266.201	325.708
Fagrit, bækur og blöð	19.779	33.000
Félagsgjöld	75.360	64.140
Auglýsingar, kynningar og útgáfa	393.226	190.800
Kaffikostnaður	136.983	75.499
Bókhald og reikningsskil	930.300	859.400
Lögfræðikostnaður	0	300.420
Styrkur v. IFOAM verkefnis	0	211.625
Námskeiðskostnaður - þjálfun	436.981	176.969
Áhöld, tæki - viðhald áhalda	74.790	101.186
Hugbúnaður	103.659	59.389
Vátryggingar	130.133	204.492
Prentun reglna og vottunarmiða	115.600	232.160
Annar kostnaður	17.495	71.121
	<u>34.166.731</u>	<u>32.782.767</u>